

## **Tillaga borgarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um að útrýma heimilisleysi**

Reykjavíkurborg samþykkir að útrýma heimilisleysi innan sinna marka. Staða og fjöldi heimilislausra verði kortlögð og í kjölfarið verði farið í stórfellda uppbyggingu á félagslegu og öðru viðeigandi húsnæði. Einnig er lagt til að bætt verði við stuðningi eftir þörfum, fyrir þau sem eru að stíga inn úr heimilisleysi. Tryggt verði að þau sem þurfi á að halda fái stuðning frá velferðarsviði ásamt viðeigandi húsnæði. Jafnframt lýsi borgaryfirvöld því yfir að heimilisleysi sé samfélagslegt mein sem beri að uppræta með öllu.

### **Greinargerð**

Nýjustu tölur sýna að 73 manneskjur bíða eftir viðeigandi húsnæði hjá borginni sem hentar þörfum heimilislausra með miklar þjónustuparfir, 64 bíða eftir því að komast í húsnæði og 9 bíða eftir milliflutningi. Heimilisleysi er skýrasta birtingarmyndin um ónýtt húsnæðiskerfi og ljóst er að húsnæðisstefna borgarinnar er ónýtt þar sem ekki er verið að mæta þeim sem eru í þörf. Reykjavíkurborg sem leiðandi sveitarfélag landsins verður að horfast í augu við það og marka sporin. Samkvæmt síðustu úttekt á stöðu heimilislausra sem unnin var árið 2021 var 301 heimilislaus í Reykjavík. Þar af eru 54% í húsnæði sem skilgreint er fyrir heimilislausu, 3% á víðavangi og 31% í neyðargistingu.

Fyrir nokkrum mánuðum kom fram í fréttum að starfsfólk á neyðarskýlum heimilislausra átti í erfiðleikum með að ráða við þann fjölda sem nýtti sér þjónustuna. Haft var eftir deildarstjóra málaflokks heimilislausra í Reykjavík að nýting neyðarskýla hafi á árinu 2020 verið einn þriðji til helmingur af því sem hann var orðinn árið 2021. Mikil aukning hafi orðið á nýtingu gistiskýla fyrir heimilislausu í Reykjavík undanfarin tvö ár. Ekki er ljóst hver fjöldi heimilislausra er á þessu ári en miðað við hækkandi matvöruverð, aukinn ójöfnuð og slæman húsnæðis- og leigumarkað telja sósíalistar líklegt að heimilislausum fari fjölgandi.

Það er mikilvægt að kafa í rót heimilisleysis og fyrirbyggja slíkt en ekki einungis bregðast við því. Fjölga þarf félagslegu og öðru viðeigandi húsnæði með stuðningi í þeim tilgangi að binda enda á heimilisleysi. Í Finnlandi hafa verið sett fram markmið um að útrýma heimilisleysi fyrir árið 2027. Heimilisleysi fer þar ört minnkandi samkvæmt plani. Borgarstjórn ætti að horfa til þeirra borga og landa sem standa sig vel í málaflokknum og fara svipaðar leiðir.